

**Nd.**  
um tannlækningar.

**65. Frumvarp til laga**

[61. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Rétt til að stunda tannlækningar hér á landi og kalla sig tannlækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

## 2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands og uppfyllir auk þess eftirtalin skilyrði:

- a. Er íslenskur ríkisborgari.
- b. Hefur meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Heimilt er að synja manni um tannlækningaleyfi, ef 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Meðmæli skv. b. lið þessarar greinar er óheimilt að veita, ef einhverjum meðmælanda er kunnugt um andlega ágalla hjá umsækjanda, sem gera mundu hann óhæfan til tannlæknisstarfa.

## 3. gr.

Ráðherra getur veitt manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. grein, tannlækningaleyfi og þar með rétt til að kalla sig tannlækni enda uppfylli hann skilorð 2. greinar að öðru leyti.

Tannlæknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni fyrir henni, að próf hans sé sambærilegt að gæðum við próf frá deildinni.

## 4. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. eða 3. greinar að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum tímabundið eða skilyrt tannlækningaleyfi, enda hafi Tannlæknafélag Íslands mælt með slíkri leyfisveitingu.

## 5. gr.

Ef nauðsyn krefur, má um stundarsakir fela tannlæknisefni að gegna störfum tannlæknis eða aðstoðartannlæknis, þar sem aðstaða er fyrir hendi en ekki hefur reynst unnt að fá útlærðan tannlækni til starfa, og hefur hann þá tímabundið tannlækningaleyfi á meðan.

Áður en ráðherra felur tannlæknisefni slík störf, skulu jafnan liggja fyrir meðmæli landlæknis ásamt umsögn forseta tannlæknadeildar Háskóla Íslands.

## 6. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir greiningu og meðferð á sjúkdómum í munni, tönnum og kjálkum svo og tannréttingar og hvers konar gervitannagerð.

Tannlæknar, sem hlotið hafa sérfræðingsviðurkenningu, mega vinna að sérfræðingsverkefnum sínum, þótt þau falli að nokkru eða öllu utan starfssviðs hins almenna tannlæknis. Á sama hátt getur ráðherra, eftir meðmælum tannlæknadeildar Háskóla Íslands og stjórnar Tannlæknafélags Íslands, veitt öðrum en sérfræðingum heimild til að vinna að sérhæfðum verkefnum.

## 7. gr.

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. — Ráðherra staðfestir reglur um námu sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal ennfremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sergrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni. Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefnd þeirri sem að framan getur, að hann hafi lokið tilskyldu sérfræðinámi í sergrein, sem viðurkennd er samkvæmt fyrrnefndum reglum, og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

**8. gr.**

Tannlæknum er heimilt að gefa lyf þau, sem á hverjum tíma eru tilgreind í lyfjaskrá fyrir tannlækna.

Tannlæknum er heimilt að afla sér með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þurfa við lækningar sínar og nota þau tæki og efni, er fram koma á hverjum tíma og þeir þurfa við starfa sinn, enda hafi þeir aflað sér þekkingar á meðferð þeirra. Svæfingu (narkosis) er tannlæknum óheimilt að beita.

**9. gr.**

Tannlæknum er heimilt að hafa sér til aðstoðar sérhæft aðstoðarfólk svo sem tannsmíði, tanntækna o. fl. enda hafi það, hvert á sínu sviði, hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að afloknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Ennfremur er tannlæknum heimilt að láta tannlæknisefni aðstoða sig við tannlæknisstörf að svo miklu leyti sem tannlæknir treystir þeim til.

Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks aðstoðarfólks tannlækna.

**10. gr.**

Aðstoðarfólk samkvæmt 9. grein skal ávallt starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis. Það hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla.

Hverjum öðrum en tannlæknum og sérhæfðu aðstoðarfólki þeirra er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir, þar með talið tannréttingar og gervitanngerð.

**11. gr.**

Sérhverjum tannlækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki tannlækna, og helzt þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

**12. gr.**

Tannlæknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem tannlæknar. Við opnun tannlæknastofu eða flutning má þó auglýsa það með látlausri auglýsingu í blöðum, sem mest má birta þrisvar sinnum.

Tannlæknum og stéttarfélagi þeirra ber að vinna gegn því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsinga-skygni. Verði ekki komið í veg fyrir það, ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem ofmælt kann að hafa verið.

**13. gr.**

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að kr. 500 þúsund, sviptingu tannlækningaleyfis eða fangelsi, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Að öðru leyti gilda ákvæði 18. greinar læknalaga nr. 80/1969, eftir því sem við á.

**14. gr.**

Ef landlæknir verður þess var, að tannlæknir vanrækir skyldur sínar, fær út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðisлага landsins, skal hann áminna viðkomandi.

Nú kemur áminningin ekki að haldi, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur tannlækninga-leyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

15. gr.

Nú telur landlæknir, að tannlæknir hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafist var, er hann fékk tannlækningaleyfi og skýrir hann þá ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Fallist hún á álit landlæknis, má svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

16. gr.

Ákvæði læknalaga nr. 80 frá 23. júní 1969 skulu gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þar til settar hafa verið reglugerðir þær, sem greinir í 2. málsgrein 8. greinar, er tannlæknum heimilt að hafa aðstoðarfólk við störf á sama hátt og hingað til hefur tíðkazt, enda starfi það fólk undir handleiðslu tannlæknis og á hans ábyrgð.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Sumarið 1972 skipaði heilbrigðisráðherra, Magnús Kjartansson, nefnd til að endurskoða gildandi lög um tannlækningar hér á landi og gera tillögur til ráðuneytisins um breytingar á þeim lögum og öðrum reglum á þessu sviði, sem talið yrði nauðsynlegt að breyta.

Í nefndina voru skipaðir Hörður Sævaldsson, tannlæknir, formaður Tannlæknafélags Íslands, Magnús R. Gíslason, tannlæknir, fyrrverandi formaður Tannlæknafélags Íslands og voru þeir tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands, Örn Bjartmars Pétursson, deildarforseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands tilnefndur af tannlæknaeildinni, og Jón Ingimarsson, skrifstofustjóri heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og var hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Lög um tannlækningar eru að stofni til frá því 14. júní 1929, og gefur því auga leið að mörg ákvæði þeirra laga eru ýmist úrelt eða þá ófullnægjandi á ýmsa vegu. Nefndin varð því fljótlega sammála um það, að lög þessi yrði að semja að nýju og frá grunni, og samræma þau nýrri reglum, m. a. læknalögum nr. 80 frá 1969. Þá var einnig höfð hliðsjón af hliðstæðum lögum norskum og dönskum, en í báðum þessum löndum eru tiltölulega ný ákvæði um þessi efni.

**Athugasemdir við einstakar greinar.**

Um 1. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. gr. læknalaganna.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um það, að veita skuli leyfi samkv. 1. gr. öllum þeim, sem uppfylla skilyrði þessarar greinar, þ. e. a. s. hafa lokið prófi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands, eru íslenskir ríkisborgarar og hafa meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Að uppfylltum þessum skilyrðum er því ráðherra skylt að veita slíkt lækningaleyfi nema því aðeins að 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi umsækjanda.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til handa til þess að veita manni tannlæknaaleyfi, enda hafi hann lokið sambærilegu prófi og um getur í 2. gr. og uppfylli

að öðru leyti skilorð 2. gr., þ. e. a. s. hann sé íslenskur ríkisborgari og hafi meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis.

Þessi málsgrein 3. gr. mundi eiga við um íslenskan ríkisborgara, sem lyki tannlæknaþrófi erlendis, ef slíkur tannlæknaskóli væri á annað borð viðurkenndur af heilbrigðisyfirvöldum. En í 2. málsg. 3. gr. er einmitt kveðið á um það, að tannlæknadeild Háskóla Íslands geti sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum að fyrir henni sé sannað, að viðkomandi tannlæknaskóli sé sambærilegur að gæðum við íslenskan tannlæknaháskóla.

#### Um 4. gr.

Þessi grein á við erlenda ríkisborgara, sem uppfylla skilyrði 2. eða 3. greinar, þ. e. a. s. hafa lokið tannlæknaþrófi ýmist við Háskóla Íslands eða erlendan háskóla og hafa meðmæli tannlæknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Slíkum mönnum er ráðherra þá heimilt að veita tímabundið eða skilyrt tannlækningaleyfi, enda hafi Tannlæknafélag Íslands mælt með slíkri leyfisveitingu.

Það er nokkuð algengt í dag að íslenskir tannlæknar, sem reka sínar eigin stofur, hafi sem aðstoðarmenn útlenda tannlækna án þess að þessir útlendu aðstoðartannlæknar hafi hér tannlækningaleyfi. Slíkum mönnum yrði þá heimilt að veita tannlækningaleyfi samkv. 4. gr.

Skilyrt tannlækningaleyfi samkv. greininni gæti t. d. lotið að ákveðnum vinnustað, þar sem viðkomandi ynni sjálfstætt t. d. við tannlækningar úti á landi. Er þá meðal annars haft í huga það atvik, er færeyskur tannlæknir fékk tannlækningaleyfi hér á landi til þess að geta stundað tannlækningar í Stykkishólmi. Skilyrði gæti enn fremur varðað sjálfstæði starfans, þannig að viðkomandi hefði ekki heimild til þess að starfa sjálfstætt, heldur yrði að ráða sig sem aðstoðartannlæknir hjá viðurkenndum íslenskum tannlækni o. s. frv.

Það verður að teljast eðlilegt að Tannlæknafélag Íslands fái umsagnarrétt um slíka leyfisveitingu, þar eð þarna getur verið um að ræða atriði, er varðar atvinnuöryggi meðlima tannlæknafélagsins.

#### Um 5. gr.

Í 2., 3. og 4. gr. þessa frumvarps eru tekin efnislega þau ákvæði, sem eru í 2. og 3. gr. lækningalaga nr. 80/1969 um lækningaleyfi. Í 4. gr. þeirra laga er hins vegar ákvæði, sem heimilar heilbrigðisyfirvöldum eftir meðmælum landlæknis að veita lækniþjónu, sem ekki hefur lokið fullu námi, lækningaleyfi til þess að gegna ákveðnum afmörkuðum læknisstörfum, svo sem eins og héraðslæknisstörfum eða störfum staðgöngumanns eða aðstoðarmanns héraðslæknis o. s. frv. Að gefnu tilefni frá Félagi tannlæknaema var þetta atriði gaungæft í nefndinni, en nefndin taldi ekki þörf á hliðstæðu ákvæði í þessum lögum.

Það er hins vegar skoðun ráðuneytisins, að slíkt ákvæði kunni að reynast nauðsynlegt svo að unnt verði að veita einhverja þjónustu á sviði tannverndar og tannlækninga á fleiri heilsugæslustöðvum, heldur en ella yrði kleift, a. m. k. fyrst um sinn. Því er lagt til að ráðherra hafi hér svipaða heimild og er í læknalögum.

#### Um 6. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi tannlæknalaga. Í síðari málsgreininni felst nýmæli, sem talið er nauðsynlegt að hafa í lögum sem þessum, einkum þegar sérfræðingar verða starfandi í fleiri greinum tannlækninganna heldur en nú er.

#### Um 7. gr.

Grein þessi inniheldur ákvæði það, sem nú er í niðurlagi 1. greinar gildandi tannlæknalaga og lögfest var með lögum nr. 36 26. apríl 1963.

#### Um 8. gr.

Gengið er út frá því að í lyfjaskrá verði framvegis, eins og hingað til, sérstaklega tilgreipð þau lyf, sem tannlæknum er heimilt að nota við lækningar sínar án annarra takmarkana heldur en þeirra, sem almennt eru á notkun viðkomandi lyfs. Síðari greinin er efnislega samhljóða nógildandi ákvæðum, þó er hér tekið fram berum orðum að tannlæknum sé óheimilt að beita svæfingu.

#### Um 9. gr.

Skýr ákvæði um efni þessarar greinar hefur vantað í nógildandi lög og var það eitt með öðru ástæðan til þess að svo brýna nauðsyn bar til að tannlækna­lög yrðu nú endurskoðuð.

Hér er gert ráð fyrir því að það fyrirkomulag við vinnu á tannlækningastofum, sem nú orðið tíðkast, bæði hér og í nágrannalöndum okkar, verði berum orðum heimilað. Auk tannlækna starfa nú á tannlækningastofum yfirleitt tannsmiðir og aðstoðarfólk, ýmist við afgreiðslu eða við aðstoð við tannlækningu að störfum. Í nágrannalöndum okkar svo sem t. d. í Danmörku eru sérstök ákvæði um þetta aðstoðarfólk. Í Danmörku eru t. d. nýttar reglur um „tandplejere“ og eru þær frá 31. ágúst 1972, en frá sama degi eru einnig reglur um „klinik-assistenten for tandlæger“. Nefndin telur nauðsynlegt að kannað verði, hvort og að hve miklu leyti nauðsynlegt er að setja slíkar sérreglur um nám og menntunarskilyrði og þá réttindi þessara stétta hér á landi. Um tannsmiði gilda þær sérreglur, að þeir hafa hingað til verið menntaðir af tannlæknum sjálfum, sem hafa rekið nokkurs konar tannsmiðaskóla og þar hafa viðkomandi lokið prófi og fengið sín skirteini og réttindi. Nefndin telur eðlilegast, að tannsmiðanáám fari fram í tengslum við tannlækna­deild Háskóla Íslands og hafði samið drög að reglugerð fyrir tannsmiðaskóla, þar sem gert var ráð fyrir slíkri skipan.

Hvernig svo sem ákveðið yrði í framtíðinni að haga menntun þessara stétta, telur nefndin eðlilegt að endanlegt starfsleyfi eða löggildingu fái þessar stéttir, eins og aðrar heilbrigðisstéttir, hjá heilbrigðisráðherra, enda sanni þær fyrir honum, að menntun hvers og eins uppfylli þau skilyrði, sem lög setja fyrir slíku starfsleyfi.

#### Um 10. gr.

Þar sem það er tannlæknirinn einn, sem getur greint sjúkdóm þann, sem til meðferðar kemur og gefið fyrirmæli um eða stjórnað þeirri meðferð, sem sjúklingurinn skal fá, verður öll aðgerð við sjúklinginn að fara fram undir handleiðslu og á ábyrgð viðkomandi læknis. Þegar af þessari ástæðu leiðir það að því aðstoðarfólki, sem heimilað er að vinna við tannlækningar, verður aldrei heimilað að taka að sér sjálfstæð verkefni á neinu sviði, sem undir tannlækningar falla. Að öðru leyti leiðir ákvæði þessarar greinar beint af lögum um tæknimenntaðar heilbrigðis­stéttir og stöðu þeirra í heilbrigðiskerfinu.

#### Um 11. gr.

Rétt þótti að taka ákvæði um þagmælsku tannlæk­nis og allra annarra, sem að tannlækningum starfa undir handleiðslu hans, beint upp úr lækna­lögum til þess að leggja áherslu á þetta atriði.

#### Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig tekin upp úr lækna­lögum, þó eru hér sér­reglur um opnun lækningastofu eða flutning og er hér farið að mestu eftir reglum, sem Tannlæknafélag Íslands hefur sett meðlimum sínum í sínum síðareglum.

#### Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Grein þessi er tekin úr læknaögunum.

Um 15. gr.

Grein þessi er sömuleiðis efnislega tekin úr læknaögunum til að leggja áherslu á þessi atriði.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.